

Komið þið sæl.

Hér eru nokkrar umkvartanir og ábendingar mínar.

Þetta er þó allt of langt og flókið mál til að setja í 1 tölvupóst eða í þessa umsagnar/kvörtunar gátt Árborgar.

Þetta mál í heild sinni, krefst þeirra funda sem þið hefðuð átt að eiga við mig við þróun og gerð þessa deiliskipulags og fyrir hugaðri staðsetningu ykkar á umræddu fangelsis þorpi.

Umkvörtun á fyrirhugaðri fangelsis byggingu við land mitt Efra Sel.

Einnig umkvörtun frá mér sem einstaklingi að ætla mér að þurfa eiga heima við hliðina á Fangelsis byggingu og garði.

Þetta erindi er Alger höfnun mín á að það verði reist fangelsi á fyrirhuguðum stað, í framgarði minna jarða, Efra Sels.

Tek ég þó mjög skýrt fram að bygging umrædds fangelsis í Árborg er hið besta mál, en staðsetninginn og þau neikvæðu áhrif sem hún mun hafa á allt sitt nær umhverfi á þessari fyrirhuguðu staðsetningu.

Gera hana einfaldlega ekki að valkosti.

Bendi ég á að Árborg getur haft landskipti við Ríkið á landi sem Árborg á frá Selfossi og með Ölfusá allri að mestu, frá Selfossi að Óseyra brú, sem mjög góða og töluvert mikið skynsamlegri staðsetning fyrir umrætt fangelsi, fyrir mjög margar sakir.

Það helsta er hér upp talið sem er neikvætt og útilokar þessa framkvæmd á núverani fyrirhugaðri staðsetningu með öllu.

til dæmis að neðangreindum og upptöldum sökum.

svo sem varðandi þau áform okkar sem eru uppi varðandi, skógrækt, lóðasölu, gerð smábýla og sölu þeirra, hverfa og götummyndun og aðra framtíðar sköpun og sýn á jarðirnar Efra og Syðra Sel.

Sem mun allt renna út í sandinn með öllu, ef áform um byggingu fangelsis þorps mun verða að veruleika hér.

Öll landsala og þau áform sem eru upp um sköpun eftirsótttra sælureita hverfa með öllu ef þetta fangelsi verður byggt hér.

Fasteignaverð mun hrynja, verðmætasköpun og sölumöguleikar á öllu hér munu nánast verða að engu, vegna nálægðar við fangelsið.

Það sem hefur verið hér í hönnun og til stóð/stendur að þróa hér svo sem, smábúgarða með full vinnslu matvæla, ásamt öðrum búskaps tengdum verkefnum, eru öll úti ef þessi áform ganga eftir.

Helstu neikvæðu áhrif, þó eingöngu þau helstu.

No 1. Bygging háöryggisfangelsis við Stóra Hraun, nærri Eyrarbakka í Árborg, mun fela í sér að fangelsið verði reist á 250 ha svæði sem er í eigu Ríkisins, fyrsti áfangi er með möguleika á stækkun frá 100 föngum upp í 128 fanga.

Það eru eingöngu áfangar 1 og 2 sem eru samhliða kynntir í þessu deiliskipulagi, með öðrum orðum það er bara 1 áfangi.

Þar sem helstu rök fyrir staðsetningu þessa umdeilda 18,000 fermetra fangelsis er sögð vera að Ríkið eigi landi, þá er nokkuð ljóst að áfangar 3, 4 og 5 verða á næstu 10 til 15 árum miðað við þróun í fangelsismálum og fjölgun glæpa á Íslandi.

No 2. Fangelsið mun skarta 6 metra háa steiptum veggjum umhverfis allar byggingar og útisvæði.

No 3. Áhyggjur varðandi fráveitumál – Fangelsið mun framleiða 300 skitur á dag, ásamt öllum öðrum frárennslis úrgangi sem kemur til dæmis frá iðnaðareldhúsinu sem mun fæða 128 fanga og starfsfólk í þessum áfanga.

Allt þetta gríðarlega magn af skolpi á að fara í rotþrær og að endingu út í skurðakerfið sem liggur á landamærum Syðra og Efra Selja,

þetta má umorða, þessu gríðarlega magni af skolpi og úrgangi frá eldhúsum og öllu því sem mun verða í fráveitukerfi frá þessu þorpi sem er upp á 18,000 gólf fermetra, það verða sennilega dags daglega þarna um 250 til 300 mans dag hvern.

Að ætla allri skolp fráveitu frá þessu bákni að fara út í umhverfið og flæða og ferðast þaðan, til sjávar, sjávar sem á stundum vegna vöntunar á sjóvörnum, gefur vel á upp í land, það verður geðslegt þarna þegar fuglinn og annar vargur verður búinn að koma sér þarna fyrir í fríu fanga skolp fæði, lyktin og flugan.

Þetta verður alveg æðislegt að hafa þetta nammi flæðandi í öllu yfirborðs vatni í kringum sig.

No 4. Nálægðin við Efra Sel og Syðra Sel og alla aðra byggð, bæi og nær byggð, vekur upp áhyggjur um frekari áhrif á nær samfélagið og það mikla verð hrun sem mun verða á öllum fasteignum í nálægð við þetta staðsetningar slys sem er í uppsiglingu hvað þetta fangelsi varðar.

No 5. Framkvæmdir munu hafa áhrif á daglegar ferðir íbúa, þar sem þeir þurfa nánast að fara í gegnum fangelsisgarðin á leið sinni til og frá Stokkseyri.

No 6. Alger Skortur á öllu samráði, eða kynningu – Það er áhyggjuefni að engar viðræður hafa átt sér stað við mig sem lang stærsta einstaklingseiganda lands við hlið verkefnisins. Það hefur enginn haft samband við mig frá Árborg, ríkinu, hönnuðum eða öðrum opinberum aðilum sem standa að þessu risa stóra verkefni.

No 7. Mjög Umdeild staðsetning – Þar sem til stendur að fangelsið verði byggt á landi í eigu ríkisins, veldur það miklum áhyggjur þegar frekari breytingar/stækkun mun verða á svæðinu í framtíðinni. Einnig eru áhyggjur af því að framkvæmdirnar muni hafa neikvæð áhrif á verðmæti landsins.

No 8. Bygging þessa fangelsis á núverandi fyrirhuguðum stað mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif á verðmæti alls land og annara fasteigna héðan og upp að Selfossi um ókomna framtíð, ef þessi alveg fráleita staðsetning verður ekki sleginn af borðinu hið fyrsta og þessari framkvæmd fundin önnur og skynsamlegri staðsetning.

Með vinsemd og kærri kveðju.

Eiður E Baldvinsson.

Kt: 260665 3409 SkógræktarBóndi

Efra Seli.

Einnig Fyrir hönd

LE Investment ehf

kt: 680907 1290

Sem er eigandi Jarðanna Efra Sels og landi Syðra Sels.